

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til hundahalds, sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, verður breytt í skráningu. Að öðru leyti gildir samþykktin að fullu um þau leyfi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 10. júlí 1997.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010, suðurhluti Oddeyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 8. júlí 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010, er staðfest var 30. nóvember 1990.

Landnotkun er breytt þannig að óbyggðu svæði, útivistarsvæði við Hjalteyrargötu, norðan Gránufélagsgötu og að Eiðsvallagötu, er breytt í íbúðarbyggð.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. júlí 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi suðurhluta Oddeyrar, Akureyri.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 8. júlí 1997 staðfest deiliskipulag fyrir suðurhluta Oddeyrar, Akureyri. Svæðið afmarkast af Strandgötu í suður, Eiðsvallagötu í norður, Glerárgötu í vestur og Hjalteyrargötu í austur.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Akureyrar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. júlí 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Hrafn Hallgrímsson.